

Hverfisgata 29, fyrirspurn - 1901549

Brynja, Hússjóður Öryrkjabandalagsins leggur inn fyrirspurn til skipulagsfulltrúa, spurt er hvort heimilað yrði að koma fyrir lyftu utanhúss til þess að auðvelda hreyfihömluðum aðgengi að íbúðum. Fram kemur í fyrirspurnargögnum að bílastæðum í bílakjallara yrði jafnframt fækkað úr 12 í 9 samhliða framkvæmdinni, ásamt fleiri innanhússbreytingum.

Umsögn:

Byggingarmagn lóðarinnar er fullnýtt, sbr. samþykkt deiliskipulag „Miðbær Hraun Vestur“, en þar sem um utan á liggjandi lyftuhús er að ræða má flokka það sem B-rými. Þannig hefði viðbygging lyftuhúss, eins og hún er sett fram í fyrirspurn, ekki áhrif á nýtingarhlutfall lóðarinnar. Því er ekki þörf á deiliskipulagsbreytingu.

Erindið verði borið undir Skipulags- og byggingarráð til umfjöllunar/staðfestingar.

5.2. 2019

Guðrún Guðmundsdóttir, arkitekt/skipulagsfræðingur